

Ed.

467. Nefndarálit

um frv. til laga um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta allýtarlega og haft til hliðsjónar, meðal annars, umsögn lagadeildar Háskóla Íslands um frv. Getur nefndin fallizt á, að nauðsyn sé á breyttri skipan þeirra mála, er frv. fjallar um, vegna hins öra vaxtar Reykjavíkur og þar af leiðandi stórum aukinna starfa við þessi embætti. Sérstaklega virðist meðferð lögreglu- og sakamála hér í bænum orðin svo umsvifamikil starf, að það sé fullkomið verk fyrir einn mann, þó hann hafi ekki öðrum störfum að gegna.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að ákjósanlegt hefði verið, að ákærvaldið og dómsvaldið hefði verið aðskilið um leið og ný skipting embættanna fór fram, á líkan hátt og gert er ráð fyrir í frv. um meðferð opinberra mála, er nú liggur fyrir Alþingi. En þar sem óvíst er, hvenær það frv. nær fram að ganga, meðal annars vegna hins mikla kostnaðar fyrir rikissjóð, sem framkvæmd þess, ef að lögum yrði, hefir í för með sér, þykir ekki ráðlegt að fresta þeim umbótum lengur, sem í frv. felast. Fyrir því hefir nefndin orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, er hér greinir og varða skiptingu á störfum milli embættanna.

Þannig virðist eðlilegt, að meðferð barnsfaðernismála verði falin sakadómara, því að enda þótt mál þessi séu í eðli sínu einkamál, fer rannsókn þeirra fram mjög að hætti opinberra mála. Einnig sýnist rétt, að sami embættismaður, sem á að fara með og dæma slík mál, hafi einnig með höndum uppkvaðningu meðlagsúrskurða.

Samkv. frv. er tollstjóra ætlað að hafa með höndum skrásetningu skipa, en þar sem lögmaður annast þinglestur allra eigna- og veðskjala varðandi skip, þykir hagkvæmara, að sami embættismaður hafi afgreiðslu hvorstveggja, og er því lagt til, að lögmanni verði falin skrásetning skipa eftirleiðis.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr.
 - a. Á eftir orðunum „önnur en“ komi: barnsfaðernismál og.
 - b. Á eftir orðunum „setu í óskiptu búi“ komi: mælingu og skrásetningu skipa.
 - c. Orðin „og uppkvaðning meðlagsúrskurða“ falli niður.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Sakadómari fer með opinber mál og barnsfaðernismál, rannsókn þeirra fyrir dómi og utan dóms og dómsuppsögn, uppkvaðning meðlagsúrskurða, framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhússins.
3. Við 5. gr. Orðin „mælingu og skráningu skipa“ falli niður.

Alþingi, 15. des. 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskr.

Magnús Gíslason,
frsm.